

Ársskýrsla nefndar um dómastörf

2024

Nefnd um dómastörf starfar samkvæmt II. og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017, sbr. reglur nr. 1499/2023 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt sex formlega fundi á árinu. Fjölmargar ákvarðanir voru að auki teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndin tók fyrir 75 erindi er vörðuðu dómara. Um var að ræða tilkynningar er varða aukastörf dómara, tilkynningar um að látið hefði verið af aukastarfi, beiðnir dómara um heimild til að gegna aukastarfi og beiðnir og tilkynningar dómara er vörðuðu eignarhluti í félagi eða atvinnufyrirtæki.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsúrlausnir. Nefndinni bárust átta kvartanir á árinu. Nefndin tók eina kvörtun til meðferð en sjö kvörtunum var vísað frá nefndinni þar sem þær féllu ekki undir valdsvið nefndarinnar.

Auk framangreindra starfa uppfærði nefndin reglulega skrá sem ber að halda samkvæmt 10. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016, sbr. 8. gr. reglna nr. 1165/2017, með tilheyrandi samskiptum við dómara.

Þann 15. maí 2024 tók Andri Fannar Bergþórsson dósent við Háskólann í Reykjavík sæti í nefndinni í stað Sindra M. Stefánssonar dósents við sama skóla sem lét af störfum 3. apríl 2024. Aðrir nefndarmenn eru Ragnheiður Thorlacius fyrrverandi héraðsdómari, formaður nefndarinnar, og Sigrún Guðmundsdóttir fyrrverandi héraðsdómari.

Reykjavík, 27. janúar 2025

Ragnheiður Thorlacius formaður.